

## Fnjóská 1995

Tumi Tómasson

Hólum, desember 1995

VMST-N/95014

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*



**Veidimálastofnun**  
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrökur  
Sími: 453 6599  
Fax: 453 6301

## Fnjóská 1995

### Inngangur

Árin 1987-1991 voru seiðastofnar Fnjóskár kannaðir reglulega með rafveiðum. Á árunum 1992-93 voru engar athuganir gerðar, en sumarið 1994 var aftur gerð könnun á seiðastofnum árinna (Bjarni Jónsson, 1995).

Í þessum athugunum er fylgst með hvernig seiðabúskapur árinna þróast og niðurstöður eru lagðar til grundvallar ráðleggingum um laxrækt í ánni, sem hefur einkum falist í sleppingum smáseiða á svæði þar sem uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði eru vannýtt og í að bæta uppeldisskilyrði á ýmsum stöðum í ánni, einkum þó kvíslum, með því að tempra í þær rennsli og skapa skjól með grjótburði.

Haustið 1994 byggði Veiðifélag Fnjóskár stóra tjörn í námunda við ána og aldi laxaseiði í henni yfir veturinn og fram á vor þegar seiðunum var sleppt. Verður athyglisvert að fylgjast með þessari tilraun á næstu árum.

Sumarhiti í Fnjóská er tiltölulega lágur af laxá að vera, enda dregur mjög úr laxveiði þegar tíðarfar hefur verið óhagstætt og ferkvatnsaldur laxaseiða er tiltölulega hár, oftast 4-5 ár. Snjóbráð kælir ána oft fram eftir sumri og oft verða miklir vatnavextir þegar snjóá leysir ört. Við slíkar aðstæður kemst hreyfing á botninn, sem takmarkar vöxt og viðgang þörungna og botndýra sem eru undirstaða fiskistofna árinna.

Áður en gerð er grein fyrir niðurstöðum athugana nú í sumar er rétt að líta til baka og skoða hvernig veiðin í Fnjóská hefur þróast hin síðari ár.

### Veiðin í Fnjóská

Í skýrslu um athuganir á seiðastofnum árinna árið 1988 er gerð all ítarleg grein fyrir þróun laxveiðinnar í Fnjóská (Tumi Tómasson 1989). Laxveiði í ánni var mjög dræm framan af og tilraunir sem hófust 1937 til að rækta lax í ánni með sprengingu Litlagerðisfoss og sleppingum laxakviðpokaseiða, skiluðu litlum árangri. Veiðiskýrslur eru þó frekar gloppóttar framan af, en segja má að á sjöunda áratugnum hafi Fnjóská verið orðið laxveiðiá. Frá 1967-1982 var nokkuð góð laxveiði í ánni og það var nokkuð jafn stígangi í veiðinni allt til ársins 1980 (sjá Töflu 2 í skýrslu um rafveiðarnar 1988), en eftir það dró heldur úr veiðinni og hún minnkað svo mikið sumarið 1983..

Tengja má hnignun laxveiðinnar í Fnjóská slæmu tíðarfari. Sumarið 1979 var mjög kallt og árið eftir veiddust einungis 17 smálaxar í ánni. Það kom þó ekki verulega að sök því það sumar veiddust 508 stórlaxar og hafa aldrei veiðst fleiri stórlaxar í ánni á einu sumri.

Sumarið 1980 var aftur gott, sem kom fram í góðri smálaxaveiði ári síðar og góðri stórlaxaveiði 1982. Sumarið 1981 var hinsvegar mjög kallt og dró þá aftur úr gönguseiðaframleiðslu. Eftir enn eitt óvenjulega kallt sumar 1983 veiddust einungis 4 smálaxar í Fnjóská sumarið 1984. Á þessu tímabili, frá 1979-1983, er líklegt að nýliðun í seiðastofnum árinna hafi verið mjög lítil og útbreiðsla laxaseiða innan árinna dregist saman. Á sextán ára tímabili, frá 1967-1982, veiddust að meðaltali 306 laxar á ári og var veiðin undir 200 löxum fyrstu þrjú árin. Næstu áttu árin, frá 1983-1991 var laxveiðin síðan einungis um þriðjungur þess sem áður hafði verið, og var meðalveiðin þau ár 117 laxar og sveiflaðist frá 93-144.

Þegar reglubundnu athuganir Veiðimálastofnunar á seiðastofnum árinna hófust 1987 var mjög lítið um laxaseiði í ánni og útbreiðsla þeirra takmarkaðist við neðstu hluta árinna, ólíkt því sem verið hafði þegar seiðastofnar voru kannaðir sumarið 1976. Sumarið 1987 heppnaðist hinsvegar klak vel í ánni og seiði úr náttúruklaki af þessum árgangi fundist alveg fram að Mörk, en útbreiðsla fyrri árganga náði lítið fram fyrir Veisusel. Sá árgangur sem þarna komst á koppinn óx hægt en örugglega og fyrstu seiðin náðu gönguþroska sumarið 1990, en líklegt er að aukin smálaxaveiði sumarið 1991 (Tafla 1) hafi einnig að einhverju leyti átt rætur sínar að rekja til smáseiðasleppinga á þessum árum. Aukningar sem varð vart í smálaxi 1991 skilaði sér áfram í góðri stórlaxaveiði sumarið 1992, en það árið kom klakárgangurinn frá 1987 mest inn í veiðina sem náði 554 löxum og jafnaði metið frá 1978.

Lítill nýliðun varð í laxaseiðastofni árinna eftir 1987 og veiðin dalaði mjög hratt 1994 og varð sú minnsta síðan 1965 s.l. sumar eða 54 laxar. Hér koma einnig til mjög köld og sein sumur frá árinu 1992, en 1994 varð þó sæmilega hlýtt eftir kallt vor. Kemur það m.a. fram í aukningu á smálaxaveiði sumarið 1995, sem gefur von um bata í stórlaxaveiðinni sumarið 1996.

Hreistursýni bárust af 21 laxi úr stangveiðinni. Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna er að finna í Töflu 2. Af 16 hreistursýnum sem tekin voru af smálöxum voru flest (75%) af löxum sem höfðu dvalist 4 ár í ferskvatni (klakárgangur 1990), en þrjú sýni (19%) voru af yngri löxum sem líklega eiga uppruna sinn í smáseiðasleppingum. Einungis 5 sýni bárust af stórlöxum sem veiddust á veiðitímanum, en sýni af 20 punda hrygnu sem var veidd í klak sýndi að hún hafði fyrst gengið til sjávar sumarið 1991, komið til hrygningar sumarið 1993, gengið aftur til sjávar 1994 og var komin til hrygningar í annað sinn sumarið 1995.

### Ástand seiðastofna 1995

Seiðastofnar Fnjóskár voru kannaðir með rafveiðum 8. ágúst 1995. Segja má að varla hafi verið hægt að athafna sig í henni fyrr vegna vatnavaxta. Veitt var á sömu slóðum og 1994, eða alls á 12 stöðum frá Skarði og fram í Illugastaðaklif. Seiðin sem veiddust voru deyfð, greind til tegunda og lengdarmæld. Sýni til aldursgreininga voru tekin af hluta aflans til að staðfesta niðurstöður úr lengdarmælingunni, en flestum seiðum var sleppt í ána aftur eftir að þau höfðu jafnað sig eftir deyfinguna.

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 3 og á Myndum 2 og 3. Að vanda veiddust bleikjuseiði um alla á og er bleikjustofninn sterkur um þessar mundir. Svo virðist sem flest seiði gangi til sjávar í fyrsta skipti eftir tvo vetur í ánni, en hluti þeirra dvelur þrjá vetur í ferskvatni fyrir fyrstu sjávargöngu.

Laxaseiði veiddust nú í mun meiri mæli en árið áður og kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi var 1+ árgangurinn óvenju stór og náði dreifing hans langt fram ána, eða fram að Steinkirkju. Þessi árgangur nú er álíka sterkur eða jafnvel enn stærri en árgangurinn sem klaktist út 1987 og fyrst varð vart í rafveiðum 1988, þá sem 1+. Það var einmitt sá árgangur sem átti drýgstan þátt í góðri laxveiði í Fnjóská árin 1992 og 1993. Þróist klakárgangurinn frá 1994 á svipaðan hátt má búast við að hann skili sér aðallega í veiði á árunum 1999-2000, þótt hans gæti farið að verða vart í smálaxaveiðinni árið 1998.

Mun meira veiddist af eldri laxaseiðum nú en sumarið 1994 og fjöldi og útbreiðsla 2+ seiða hefur haldist nokkuð svipaður milli ára, en seiði þessa aldurshóps voru þó smærri en árið á undan. Þetta bendir til að gönguseiðaframleiðsla í Fnjóská muni aukast á næsta ári eftir tiltölulega lélegt sumar 1995. Gera má ráð fyrir að það verði stígandi í laxveiðinni í Fnjóská aftur frá árinu 1997.

Lítið fannst af seiðum úr sleppingu 1994, en þeirra varð þó aðeins vart á tveimur stöðum. Vera má einnig að þau hafi að einhverju leyti horfið saman við 2+ náttúruleg seiði, en líklegast er þó að þau hafi orðið fyrir miklum afföllum. Þeim var sleppt frekar seint sumarið 1994 og þá voru þau óvenju smá og hafa væntanlega lítið stækkað áður en vetur gekk í garð. Kallt vor og seint sumar 1995 hefur væntanlega skert afkomumöguleika þessara seiða töluvert, ekki síst þegar þau hafa svo lent í samkeppni við tiltölulega öflugan árgang 1+ seiða úr náttúruklaki.

Smáseiðum var aftur sleppt sumarið 1995. Sleppt var við vesturbakkann og byrjað um 2 km fyrir neðan Þjóðvegsbrú og sleppt fram í Illugastaðaklif, eða á um 16 km kafla. Alls var sleppt 14.000 seiðum. Seiða úr þessari sleppingu varð vart á öllum rafveiðistöðunum á þessu svæði, þ.e. fjórum efstu stöðunum (Mynd 2, Tafla 3). Seiðin voru flest 7-8 cm löng og þótt þau hafi verið verulega mikið vænni en seiðin sem sleppt var 1994 ætti þó að vera hægt að gera kröfur um enn vænni seiði á þessum tíma. Mikilvægt er að sleppiseiði séu orðin væn þegar sleppt er á tiltöluleg köldum svæðum, og þetta er sérstaklega mikilvægt í köldu árferði. Sleppingin virðist þó hafa tekist vel, einkum ofan til. Höfðu seiðin sem sleppt var við Illugastaði dafnað sérstaklega vel. Þau voru öll farin að taka fæðu og voru bústin að sjá, enda ekki í samkeppni við nein önnur seiði. Miðað við að nú eru laxaseiði úr náttúruklaki í ánni fram fyrir Steinkirkju ætti að takmarka seiðasleppingar á næsta ári við svæðið þar fyrir framan og sleppa einungis við austurbakkann. Líklega yrði hæfileg slepping um 8000 seiði, en leggja þarf áherslu á að fá sem stærst seiði til sleppinganna.

Haustið 1994 var farið með rúm 5000 seiði í tjörn við Fnjóská og þau alin þar yfir veturinn og fram á sumar. Tvö seiði fundust í rafveiðunum úr þessari tilraun, við Sand (staður 10b) skammt fyrir neðan tjörnina, og við vatnshæðamælinn (staður 11). Að auki sást slíkt seiði á neðsta rafveiðistaðnum við Skarð, en það náðist ekki. Seiðin voru öll vel silfrud, en uggar og einkum á eyruggar, voru mjög snjádír en vel grónir. Það er því greinilegt að tjörnin hefur framleitt gönguseiði sumarið 1995, en ekki er hægt að segja til um í hversu miklu magni það gæti hafa orðið. Mikilvægt er að taka mikið af hreistursýnum á næstu árum til að hægt sé að meta árangur þessarar aðgerðar, en hér er um mjög spennandi tilraun að ræða til að sjá hvort hægt sé að einhverju leyti að minnka þau miklu tíðarfars áhrif sem laxgengd í Fnjóská er svo háð. Ekki er ljóst hvort miklar uggaskemmdir hafi orðið á seiðunum í tjörninni, eða hvort ástand þeirra úr stöð hafi verið slæmt. Þessu þarf að fylgjast með og bæta úr ef þörf er á.

Uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði eru best á tiltölulega mjóu belti við bakkana, en utar er botninn oft mjög sorfinn og tiltölulega skjóllitill og snauður. Töluvert hefur verið unnið í því að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í kvíslum við ána og er rennsli um þær þá temprað þannig að þar verði ekki mikil flóð. Hér áður var farið í slíkar aðgerðir við Steinkirkju og Reykji og gáfust þær aðgerðir vel. Það er af hinu góða að nú skuli einnig vera farið í aðgerðir að þessu tagi neðar íánni. Þar er hitafarið hagstæðara og því meiri árangurs að vænta. Þingeyjarkvíslin býður nú upp á mjög ákjósanleg skilyrði fyrir laxaseiði, og má gera ráð fyrir að þau nái þar smám saman yfirhöndinni yfir bleikjuseiðin nú þegar öflugur laxaseiðaárgangur er í uppsiglingu. Gera mætti meira í kvíslinni fyrir neðan malarnámurnar til að tempra rennsli og einnig væri æskilegt að bæta skjól í henni með grjótburði. Þarna eru skilyrði fyrir laxaseiði þó tiltölulega góð eins og nú er ástatt.

## Heimildir

Bjarni Jónsson 1995. Fnjóská 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/95006.

Tumi Tómasson 1989. Fnjóská 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/89015X

**Tafla 1.** Skráð stangaveiði í Fnjóská 1987-1995  
(samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar)


Ár	Laxveiði			Bleikja	Urriði
	Smálax	Stórlax	Samtals		
1995	40	14	54	275	10
1994	23	105	128	550	45
1993	105	306	411	251	12
1992	333	221	554	239	25
1991	95	39	135	469	31
1990	55	66	121	390	14
1989	33	79	112	238	14
1988	68	56	124	217	8
1987	47	46	93	496	20

**Tafla 2.** Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna úr laxveiðinni í Fnjóská  
Lax með eins og tveggja ára ferskvatnsdvöl er af eldisuppruna, og líklega einhverjir laxar með þriggja ára ferskvatnsaldur einnig.


Ár í fersk- vatni	smálax		stórlax	
	fj	%	fj	%
1	1	6	-	-
2	1	6	-	-
3	1	6	2	40
4	12	75	1	20
5	1	6	2	40

**Tafla 3.** Fjöldi veiddra laxa- og bleikjuseiða í rafveiðum í Fnjóská 8/8 1995.

Staður	Stærð m <sup>2</sup>	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m <sup>2</sup>						
		lax				bleikja		
		0+	1+	2+	3+/4+	0+	1+	2+
3	60x10	1.0	-	-	-	0.3	1.0	1.5
4	60x7	5.0	-	-	-	0.5	1.9	0.7
5	45x10	0.9	0.9	1.3	0.7	1.1	2.0	1.6
7a	60x7	0.5	2.9	0.2	-	0.5	1.2	0.2
8	60x6	-	2.2	0.6	0.8	0.6	1.7	0.6
8a	30x15	-	3.1	-	2.0	2.4	9.8	2.4
8b	60x10	-	3.7	-	1.5	1.3	4.3	0.2
9	60x15	-	0.6	0.3	0.6	0.4	1.7	0.7
10a	30x10	-	11.0	10.0	2.0	3.0	0.7	0.3
10b	45x10	-	13.1	2.0	0.9	1.6	2.7	0.2
11	60x10	-	9.0	2.0	0.8	0.5	3.7	0.3
12	30x6	-	4.7	2.2	0.3	0.3	6.9	0.3




Mynd 1. Helstu rafveiðstaðir í Fňjóská.



**Mvnd 2.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Fnijská 8/8 1995.





**Mynd 3.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í rafveiðum í Fnjóská 8/8 1995.